

# 32. stjórnarfundur Bergrisans bs.

20.09.2021

Fundur hófst klukkan 13:30 á bæjarskrifstofu Árborgar

**Mætt:** Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Melkorka Jónsdóttir velferðasviði Árnespings og Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar. Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu boðaði forföll. Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf og Hólmfríður Sigurðardóttir lögmaður frá Juris voru gestir fundarins á Teams. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

## Dagskrá

### 1. Nýr íbúðakjarni- stofnun sjálfseignarstofnunar

Haraldur L. Haraldsson kynnir hvaða leiðir eru færar fyrir Bergrisann bs til að stofna sjálfseignarstofnun vegna nýs íbúðarkjarna. Stjórn Bergrisans bs samþykkir að hafa forgöngu um að aðildarsveitarfélög Bergrisans bs stofni sjálfseignarstofnun vegna íbúðarkjarnans. Verkefnisstjóra falið að útbúa erindi til sveitarfélaganna vegna málsins.

### 2. Málefni Breiðabólsstaðar

Hólmfríður Sigurðardóttir lögmaður frá Juris lögmannsstofu kynnir stöðu varðandi upplýsingaöflun frá Breiðabólsstað.

### 3. Skammtímadvöl- beiðni um stöðugildaaukningu

Heiða Ösp leggur fram beiðni um stöðugildaaukningu vegna aukinnar þjónustuparfa í skammtímadvöl Álfatarima 2. Aukningin er 0,3 stöðugildi. Stjórn Bergrisans bs samþykkir stöðugildaaukninguna.

### 4. NPA samningur

Heiða Ösp leggur fram viðbótargögn vegna máls sem áður var fjallað um á stjórnarfundum 7. júní sl. Stjórn Bergrisans bs samþykkir framlagða tillögu að NPA samningi með fyrirvara um að forsendur samnings varðandi búsetu standist.

### 5. 144. fundargerð þjónusturáðs Bergrisans. Bs

Fundargerð kynnt af Heiðu Ösp.

## 6. Tillaga um breytingu á reglum Bergrisans um NPA

Verkefnisstjóri leggur til breytingu á orðalagi á 7. gr reglna Bergrisans um NPA. Stjórn Bergisans bs samþykkir breytinguna.

## 7. Aðgengismál- kynning á reglugerð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Verkefnisstjóri sendir reglugerðina á stjórn Bergrisans bs. Reglugerð kynnt. Stjórn bergisans bs hvetur aðildarsveitarfélögin til að kynna sér reglugerðina.

Fundi slitið kl. 16:00